

116

30. sept.

Breyting

á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

3. málsgrein 1. greinar í gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað frá 5. desember 1914, orðist þannig:

Gjaldið fyrir strauminn er bæjarstjórninni þó heimilt að hækka eða lækka um allt að 50% frá því, sem það er sett hér að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggju bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf gjaldið.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum 20. október 1913, um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 30 september 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

117

8. okt.

Reglugjörð

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið, er bannað að selja til útlanda eða gjöra samninga um sölu til útlanda á íslenskum afurðum, sem framleiddar verða á árinu 1919.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugjörðar þessarar verða sektum allt að 500,000 krónum. Bæði sá, sem selur eða lofar að selja vörur þær, sem greindar

eru í 1. gr. og á þann hátt, er þar greinir, sem kaupir eða lofar að kaupa þær, **117** skal sekur talinn við ákvæði þessarar reglugjörðar. Hið selda eða umsamda er 3. okt. að veði fyrir sektunum.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Áður en dómari úrskurðar sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. október 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglur

118

25. sept.

um sölu og útflutning á kindargærum.

(Tilkynning nr. 7., frá Útflutningsnefndinni, dags. 25. sept. 1918).

1. gr.

Öllum framleiðendum og öðrum, er hafa með höndum kindargærum, sem framleiddar eru á árinu 1918, og eigi verða hafðar til notkunar í landinu sjálfu, er skylt að bjóða gæurnar til kaups fulltrúa bandamanna hjer í Reykjavík, jafnskjótt og þær eru útbúnar til útflutnings. Annast útflutningsnefndin framkvæmdir á þessu, samkvæmt auglýsingu Stjórnarráðsins, dags. 3. júní þ. á., og ennfremur reglugjörð, dags. 11. sama mán.